

Nr. 22 - 006 S 005 Milla ST 38***Skipverji fellur frá borði og drukknar***

Skipaskr.nr. 6361
Útgerð: Gamli PI ehf.
Smíðaður: Mótun, 1981, trefjaplast.
Stærð: 4,77 BT.
Mesta lengd: 7,90 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1998.
Fjöldi skipverja: 1



Milla©Árni Emanúelsson

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. október af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. janúar 2022 kl. 21:50 fór báturinn Milla ST 38 frá bryggju í Reykjavíkurhöfn og sigldi út úr höfninni. Veður: NV 6-8 m/s.

Þann 26. janúar kl. 10:37 barst tilkynning til Vaktstöðvar siglinga um strandaðan bát við suður enda Engeyjar. Við skoðun kom í ljós að báturinn var mannlau. Björgunarsveitir og þyrta Landhelgisgæslunnar hófu þegar leit en kl. 13:35 fannst skipverjinn látinn við Sólfarið við Sæbraut.



Mynd 1 Milla ST 38 á strandstað

Við rannsókn kom fram:

- Við skoðun á strandstað kom í ljós að straumur var á rafkerfi bátsins en vél var ekki í gangi. Eldsneytisgjöf var lítillaga í áframstöðu og samankúplað.
- Hældrifið var brotið undan bátnum og lá undir honum stjórnborðsmegin á strandstað. Skrúfublöðin voru brotin af skrúfuháusnum og landtengikapall bátsins vafinn um skrúfuna (*sjá mynd 2*).
- Skipverjinn tilkynnti ekki brottför til Vaktstöðvar siglinga (VSS).
- Báturinn kom ekki inn í ferilvöktun hjá VSS þar sem ekki var kveikt á sjálfvirka staðsetningarbúnaðinum (AIS).

- Fram kom að síðast hafi verið landað úr bátnum á Patreksfirði þann 20. júlí 2021.
- Við krufningu kom í ljós að dánarorsök skipverjans hafi verið drukknun. Þá leiddi krufningin einnig í ljós að hann hafi verið undir áhrifum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.



Mynd 2 Hældrifið og skrúfa